

Norræni textílfriæringurinn

Myndlist

Eiríkur Þorláksson

Norræn samvinna hefur með árunum orðið einna mest áberandi í listum og menningarmálum, og varð almenningur einna helst var við norrænt samstarf á þessum sviðum. Í fyrstu fór þetta starf þannig fram að samtök listamanna hlutu styrki til að standa fyrir sýningunum, en hin síðari ár hefur starfsfólk norrænu listamiðstöðvarinnar í Sveaborg við Helsinki verið aðalskipuleggjendur flestra sýninga af þessu tagi. Ýmsir hafa haft horn í síðu þeirrar miðstýringar, sem þannig hefur þróast í norræni myndlist, en því er ekki að neita, að þaðan hafa í gegnum árin komið ýmsar forvitnilegar sýningar, þó misjafnlega hafi tekist til inn á milli.

Á þessu sumri hafa komið til Íslands tvær stórar norrænar sýningar með þessu sniði. Hin fyrri var „Borealis“ sem haldin var í Listasafni Íslands, og nú er komið að hinni síðari, en það er Norræni textílfriæringurinn, hinn sjötti í röðinni, sem nú stendur yfir á Kjarvalsstöðum. Þetta er umfangs-


mikil sýning, sem hefur nú verið á ferðinni milli borga á Norðurlöndunum á annað ár, jafnframt því sem hún hefur verið sýnd í höfuðborgum Eystrasaltslandanna, sem þannig eru farin að efla menningarlegt samstarf sitt við Norðurlöndin; Reykjavík er næstsíðasti viðkomustaður sýningarinnar.

Á sýningunni getur að líta alls rúmlega fimmtíu verk frá hendi þrjátíu og sex norrænna listamanna. Allt eru þetta konur, sem vekur óhjákvæmilega upp hugmyndir um dularfull og marklítill hugtök eins og „kvennalist“. Það vekur einnig athygli, að flestar listakonurnar eru ungar að árum; fimmtán þeirra voru enn í námi fyrir áratug, og aðeins fáar eiga að baki sýningarferil sem nær aftur fyrir 1980. Af þessu mætti ráða að sú dönnun, sem valdi verk inn á sýninguna, hafi gengið til þess starfa með ákveðnar hugmyndir um að sýningin ætti að bera einhvern heildarvipp, en síðan ekki tekist nægilega vel að finna hann meðal hinna sjö hundruð verka, sem voru upphaflega lögð fram af listafólki.

Ef reynt er að draga einhverjar ályktanir af þessum sjötta þræ-

ingi um núverandi stöðu veflista (eða textíls, hvort orðið sem menn kjósa að nota) á Norðurlöndum, verður að segja að hún einkennist helst af eins konar millibilsástandi, þar sem allt er opið og ákveðin stefna til framtíðar hefur ekki komið fram. Hefðbundnari vefnaður og textílvinnsla stendur hér fóstum fótum í ýmsum verkum, sem eru kraftmikil og lifandi, eins og t.d. „Statement VII“ eftir Vibeke Riisberg, „Missing“ eftir Ragnhild Monsen, „Umlykjandi gult“ eftir Beret Aksnes og „Korona“ eftir Maisa Tikkanen. En jafnframt getur að líta hér ýmsar þreifingar inn á önnur svið myndlistarinnar, eins og grafík (Grete Brodersen: „Þræðir“, Gunnel Pettersson: „Að drekka kaffi“), málalist (Eva Britt Rasmussen: „Án titils“, Monica Nilsson: „Esperanza“), og höggmyndalist eða aðra rýmislist (Riitta Turunen: „Ef til vill“, Jin Sook So: „Fagnadargjöf“, Marta Nerhus: „Plöntur I og II“, Guðrún Gunnarsdóttir: „Stæða“).

Þessar þreifingar eru oft áhuga-verðar í sjálfum sér, en mynda tæpast heild innan sýningarinnar; jafnframt lægist að áhorfandanum sá grunur að viðkomandi listakonur séu á einhvern hátt ósáttar við þann miðil sem þær hafa valið sér, og finnst hann vanmáttugur við hlið annarra listmiðla. Þetta er misráðið; góð veflist stendur fyllilega fyrir sínu, og getur t.d. nálgast litagleði málalistarinnar á skemmtilegan hátt innan eigin miðils, eins og sést í verki Evu Stephen-



Vibeke Riisberg: „Statement VII“. 1991.

son-Möller, „Hvirfilvindar“.

Það er eðlilegt að álykta að val þátttakenda á sýningu sem þessa endurspeglar að nokkru gróskuna í þessari grein myndlistar í hverju landi fyrir sig. Sé svo, er full ástæða fyrir Íslendinga að hafa áhyggjur af þróuninni, því við eigum hér

aðeins einn fulltrúa (Guðrún Gunnarsdóttur), en mesta gróskan virðist í Noregi og Svíþjóð, því þaðan koma tveir þriðju hlutar sýnenda. Önnur skýring kann að vera að þessi skipting sé vísending um mismikinn áhuga listafólks á Norðurlöndunum fyrir þessari sýningu, og væru Íslenskir og finnskir listamenn (útkjálkarnir) þá áhugaminnstir.

Sýningarskráin sem fylgir sýningunni er einkar vel unnin, og eiginlegur gripur í alla staði. Mörg verkanna á sýningunni koma betur út í ljósmyndum bókarinnar en í eigin kynnum, og kann það að benda til að uppsetning og lýsing hafi ekki tekist sem skyldi varðandi þau verk. Halldór B. Runólfsson ritar inngangsorð og lýsir tilurð sýningarinnar, og Beatrís Sterk, ritstjóri tímaritsins Textilforum, skrifar fróðlega hugleiðingu um stöðu listgreinarinnar um þessar mundir, og veltir fyrir sér framtíð hennar; hún telur norrænan textíl í stöðu til að verða leiðandi afl í þróuninni á þessu sviði myndlistar, í framhaldi af núverandi millibilsástandi. Í ljósi þessa verður áhugavert að fylgjast með þróuninni á þessu sviði myndlistar á næstu árum, og verða næstu textílfriæringar sennilega bestu vettvangurinn til þess.

Sýningin á sjötta norræna textílfriæringnum á Kjarvalsstöðum stendur til sunnudagsins 15. ágúst, en hédan fer sýningin síðan á síðasta áfangastað, til Þórshafnar í Færeyjum.

Árni Rúnar Sverrisson

Sýningarsalur Portsins við Strandgötu í Hafnarfirði hafa náð að halda uppi stöðugri sýningarstarfsemi allt frá því þeir voru opnaðir og eru vonandi orðinn fastur viðkomustaður sem flestra þeirra sem fylgjast með myndlistarsýningum hér á landi. Því er þetta nefnt hér, að allt of margir sýningarstaðir hafa síðustu árin farið af stað með nokkrum glæsibrag, en síðan horfið af sjónarsviðinu eftir skamma viðdöl; Portið virðist hins vegar lífvænlegt og ef til vill er þarna komið rekstrarform sem kann að henta víðar, t.d. í smærri byggðarlögum um landið.


Um þessar mundir stendur yfir í sýningarsölum Portsins einkasýning frá hendi Árna Rúnar Sverrissonar, en hann sýnir hér verk sem hann hefur unnið á síðustu árum. Árni stundaði sitt myndlistarnám við Myndlistarskóla Reykjavíkur og síðan Myndlistar- og handíðaskóla Íslands, en þetta mun vera þriðja einkasýning hans.

Á sýningunni eru nær tuttugu olíumálverk, sem dreifast um salina þrjá í Portinu. Sameiginlegt einkenni þeirra er mikið flæði í fletinum, þar sem voldugar pensilstrokur leiða augu áhorfandans fram og aftur um myndina, án þess að athyglin festist við einhver ákveðin atriði. Árni notar fjölbreyttar að-

ferðir við að festa litinn á striganum; hann málar ýmist með breiðum penslum, mildar eða máir útlínur og liti, leggur litinn afar þunnt á flötinn, skefur af yfirborðinu o.s.frv. Allt verður þetta til að skapa nokkuð slétta en um leið fjarræna áferð verkanna.

Sá myndheimur sem birtist hér er fremur draumkenndur, en þó hlutlægur á sinn hátt; listamaðurinn virðist hafa mikinn áhuga á tengslum manns og náttúru, tilurð og þróun lífsins, eins og titlar verkanna benda til, en heitin „Frjógun“, „Gerjun“ og „Úr viðjum“ koma t.d. fyrir aftur og aftur. Um sumt minnst þessi myndveröld og útfærsla hennar á það sem listmálarinn Gunnar Örn var að fast við fyrir nokkrum árum, en þó er myndbygging hér lausari í sér. Hins vegar er vinnsla litanna oft með ágætum og nokkur verk brjóta upp heildarmyndina með alls ólíkum vinnubrögðum, t.d. „Úr viðjum I“ (nr. 6), þar sem litrík sprenging á sér stað í fletinum, og byssuskot leggja frekari áherlu á byltinguna sem þarna á sér stað.

Í sumum myndanna koma fram svipir sem tengja efni þeirra við heim mannsins, t.d. í „Gerjun II“ (nr. 4), eða þar verða þungamiðja verksins án þess að tengjast bakgrunni þess ljóslega, eins og í „Orð



Árni Rúnar Sverrisson: Gerjun II.

í eyra“ (nr. 12). Þessi svifandi andi, sem þannig birtist víða, nær þó sjaldnast að marka sér sterka tilveru og vantar einhvern herslumun til að svo sé.

Í heildina er hér á ferðinni þekklegr sýning, þar sem fer saman góð úrvinnsla lita og áhugaverð myndefni; hins vegar nýttist myndbyggingin listamanninum ekki nægilega vel til að koma þessum myndheimi til skila, þannig að oft vantar nokkuð upp á að verkin verði nægilega markviss og skilvirk. Þó eru á þessum þær undantekningar sem lofa góðu fyrir framtíðina.

Sýning Árna Rúnar Sverrissonar í Portinu við Strandgötu í Hafnarfirði lýkur sunnudaginn 15. ágúst.

Torleif Svensson

Þeir eru margir erlendu gestirnir sem hafa fallið fyrir landinu við fyrstu heimsókn og sótt hingað aftur og aftur í landslagið, fólkið, veðrið eða vindinn. Margir hafa einnig tekið ástíðni við íslenska hestinn, bæði sem glæsilegan fararskjóta og þýðan vin, enda á hesturinn nú aðdændur bæði austan hafs og vestan.

Ýmsir listamenn hafa skiljanlega verið í þessum hóp, og meðal þeirra má nú telja Torleif Svensson, sænskan ljósmyndara, sem um þessar mundir heldur litla sýningu í Gallerí Úmbru við Amtmannsstíginn á verkum sem tengjast Íslandi.

Torleif Svensson vinnur að auglýsingagerð, en hefur jafnframt gert ýmsar tilraunir með ljósmyndatækni í myndlist og sýnt verk sín í Svíþjóð, Hollandi og Bandaríkjunum undanfarin ár, en þetta er fyrsta sýning hans á Íslandi. Myndefnið tengist einkum íslenska hestinum, auk tveggja konumyndna, en það sem er mest áberandi þáttur verkanna er hin tæknilega vinnsla myndanna, sem er í takt við tilraunir á þessu sviði sem hafa verið áberandi á ljósmyndasýningum síðustu ár.

Fyrst ber að nefna myndir af hestum í byl sem ljósmyndarinn hefur unnið í Chibachrom, þannig að yfir þeim hvílir blær kulda og

hverfuleika, sem hæfir veðurhamnum vel, t.d. í mynd nr. 2. Hinn blái litur myndanna á hér vel við.

Aðrar myndir af hestum eru unnar með sérstakri tækni á vatnslitapappír, en við það verða myndirnar skemmtilega grófar, sem hentar myndefninu vel, þar sem hinir dumbuðu jarðlitir ráða ríkjum. Val sjónarhorna og myndbygging eflir þessi verk einnig, eins og sést í mynd nr. 5.

Stærstu verkin sem Torleif sýnir hér eru tvær myndir af konu, sem eru unnar með tölvutækni og framkallaðar með blekspraututækni. Þessar myndir eru nokkuð óljósar undir plexiglerinu og eru því ef til vill áhugaverðari fyrir tæknina en fyrir árangurinn; skýrara myndefni hefði verið heppilegra fyrir þessa tilraun.

Torleif Svensson er í verkum sínum uppteknari af tæknilegum möguleikum ljósmyndarinnar en af myndefninu og því virka þessar myndir ef til vill einfaldar og auðgleymanlegar. Engu að síður er ljóst að hér er tekist á við verðug verkefni sem eru hluti af þeirri framtíð sem blasir við í þessum miðli myndlistarinnar.

Sýningu Torleif Svensson í Gallerí Úmbru við Amtmannsstíg lýkur sunnudaginn 8. ágúst.

Sumartónleikar í Hallgrímskirkju

Tónlist

Ragnar Björnsson

Hannfried Lucke, organleikari frá Liechtenstein, sat við Klaisorgelið sl. sunnudag. Ekki hefði maður trúað því fyrir nokkrum árum að aðsókn á orgeltónleika ætti eftir að verða sú sem raunin hefur orðið í Hallgrímskirkju. Líklega verður að ætla að fyrst og fremst sé það Klais-orgelinu að þakka svo og kirkjunni sjálfri að þessi mikla breyting hefur á orðið. En Ísland hafa heimsótt áratugum saman frábærir organleikarar og hafa orðið að sætta sig við aðra og minni aðsókn. Því spyr maður, hvað er það sem dregur fólk að? Ekkert orgel skilar allri orgeltónlist vel og Klais-orgelið er engin undantekning frá því og margir tónlistarilar henta öðrum orgelum, einnig í henni

Reykjavík, betur. Er það kannske hljómmagn orgelsins sem fangar, kannske einnig það að áheyrendur geta snúið að hljóðfærinu sem skilar tónlistinni, sem vitanlega er það eina rétta fyrirkomulag og hefir tekist að leysa í Hallgrímskirkju með miklum ágætum. Hver sem ástæðan er, þá er þessi mikla aðsókn að orgeltónleikunum í Hallgrímskirkju sérlega ánægjuleg.

Bach t.d. skrifar þann stíl sem skilar sér ekki vel í kirkjunni. Pólifónískur stíll Bachs og kontrapunktur vill renna saman í einhverja ógagnsæa móðu, sem er í andstöðu við tæran stíl Bachs, þar sem hver nota á að heyrast skýr og fullmótuð. Þessa hættu reyna sumir organistar að forðast með því að yfirfylla verkið röddum orgelsins sem er í öfuga átt við það sem gera þarf. Eina vonin er að tína út raddir og reyna þann-

ig að gera vefinn skýran. Hannfried Lucke valdi fyrri leiðina og hlaut Es-dur Prelúðina fyrri örlögin. Kannsker þar það ástæðan fyrir því að Lucke spilaði allt verkið nokkurn veginn í sama styrkleika, bæði alla þætti Prelúðinnar, svo og alla þrjá liði fúgunnar, andstæður í verkinu urðu því afar óverulegar. Í Trífónótunni í c-moll sýndi Lucke að hann hefur góða tækni og var þar nær því að raddsetja orgelið heppilega, en betur hefði komið út að leika það arkafalana aðeins hægar við þann hljómburð sem kirkjan hefur. Clair de lune, eftir Louis Vierne, hljómaði fallega og naut sín í kirkjunni, þótt ekki geti verið talist mjög áhugavert. Í lokin kom svo verkið sem margir biðu eftir að heyra í búningi orgelsins, „Tilbrigði um þema eftir Haydn“ í orgelbúningi Lionels Roggs. Fyrir það fyrsta er þemað

ad öllum líkindum ekki eftir Haydn, þótt hann hafi ekki notað þemað í verki eftir sig áður. Þótt Brahms hafi skrifað tilbrigðin bæði fyrir hljómsveit, svo og fyrir tvö píanó, þá er hljómsveitarverkið það sem að ég held situr í flestum. Orgelið hefur ekki möguleika á að skila hljómsveitinni og því verða móttíf sem við þekkjum úr hljómsveitinni undir í glímunni við möguleikana og við sitjum og hlustum á hluti, sem gjarnan hverfa í hljómsveitinni. Hvort þetta er áhugavert er vitanlega mál hvers og eins, undirritaður sér ekki þörfina á slíkum umskrifum, en það má Lucke eiga að í mörgum tilbrigðum sýndi hann mjög góðan leik. Í aukalagi sem undirritaður þekkti ekki leyfði Lucke áheyrendum að heyra möguleika spænsku trompetanna og gerði vel.



Hannfried Lucke